

Fundargerð 200. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 4. apríl 2018
Fundartími: 13:30 – 17:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri
Georg Þór Pálsson undir lið nr. 4
Guðmundur Daníelsson undir lið nr. 16
Agnes Björg Birgisdóttir, Hólmar Höskuldsson, Birgitta Bjarnadóttir, Brynjar Jón Brynjarsson og Rannveig Árnadóttir undir lið nr. 17

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.
Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 152, dags. 08.03.2018

a) Frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum: Tillögur til umfjöllunar: Umsagnarbeiðni – 1803020

Lagt fram frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum sem varðar stjórnslu við mannvirkjagerð o.fl. Þá er jafnframt lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2018 um frumvarpið.

Byggingarfulltrúa falið að vinna að greinargerð vegna athugasemda við breytingar á mannvirkjalögum í samræmi við umræður á fundi. Senda skal greinargerðina til nefndarmanna í tölvupósti þegar hún verður til.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 74 – 1801007F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. febrúar 2018.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 153, dags. 21.03.2018

a) Krákumýri lnr. 224829: Skemma/hesthús og ferðapjónustuhús: Nýir byggingarreitir: Deiliskipulagsbreyting – 1803046

Lögð fram umsókn Ægis Sigurðssonar dags. 12. mars 2018 um breytingu á deiliskipulagi Krákumýrar. Er óskað eftir að bætt verði við tveimur byggingarreitum. Byggingarreit 3 fyrir allt að 300 fm hesthús og 100 fm gróðurhús og byggingarreit 2 fyrir allt að fimm 50 fm smáhýsi.

Gerð er athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna þar sem afmörkun byggingarreits fyrir smáhýsi samræmist ekki ákvæðum gr. 5.3.2.5d. í skipulagsreglugerð um fjarlægð mannvirkja frá stofn- og tengivegum. Þá telur nefndin að umfang gistihúsa feli í sér að skilgreina þurfi landnotkun í aðalskipulagi sem verslun- og þjónustu.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Urriðafoss 2 lnr. 224663: Virkjamýri: Stofnun lóðar – 18063052

Lögð fram umsókn Haraldar Einarssonar dags. 8. mars 2018 um stofnun 75,6 ha lands úr landi Urriðafoss 2 (lnr. 224663). Gert er ráð fyrir að landið fái nafnið Virkjamýri. Er aðkoma að landinu um jörðina Urriðafoss 1 (lnr. 166392) og er kvöð á jörðinni um þá aðkomu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun landsins og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Þá er ekki gerð athugasemd við heiti landsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Árbakkaland: Sveitarfélagamörk Árborgar og Flóahrepps: Umsagnarbeiðni – 1803057

Sveitarstjórn Flóahrepps vísaði til umfjöllunar skipulagsnefndar erindi frá Sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað er eftir því að mörk sveitarfélaganna verði færð. Um er að ræða 1,62 ha svæði sem liggur upp að svokölluðu Árbakkalandi innan sveitarfélagsins Árborgar sem hefur verið deiliskipulagt sem íbúðarsvæði. Um er að ræða tvær spildur, annarsvegar lnr. 192176 sem er í eigu Austurbæjar-fasteignafélags ehf. og hinsvegar lnr. 192177 í eigu Auðhumlu svf.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að sveitarfélagamörk verði færð á þessu svæði þar sem það er landfræðilega tengt því svæði sem fyrirhugað er að byggja upp skv. deiliskipulagi.

Þar sem erindinu fylgdu aðeins óskir annars af eigendum umrædds svæðis þá samþykkir Sveitarstjórn Flóahrepps erindi Árborgar um tilfærslu sveitarfélagamarka sbr. erindi Ástu Stefánsdóttur framkvæmdastjóra dagsett 5. febrúar 2018 með þeim fyrirvara að umrædd breyting verði kynnt forsvarsmönnum Auðhumlu og samþykki þeirra liggi fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Ástún: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús – viðbygging – 1803008

Lögð fram umsókn Rúnars Más Geirssonar dags. 4. mars 2018 um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhús upp á samtals 63,3 fm. Húsið verður 228,4 fm eftir stækkun.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við byggingarleyfisumsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum Lyngholts.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 75 – 1803002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. mars 2018.

3. Aðalskipulag Flóahrepps 2017 -2029

Þann 13. desember 2017 samþykkti sveitarstjórn Flóahrepps tillögu að Aðalskipulagi fyrir Flóahrepps 2017-2029 til auglýsingar og í kjölfarið var hún send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 22. febrúar 2018 kemur fram að ekki er gerð athugasemd við að aðalskipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga með fyrirvara um að tekið verði tilliti til ákveðinna athugasemda sem tilgreindar eru í bréfinu. Er aðalskipulagið nú lagt fram með breytingum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar ásamt minnisblaði þar sem farið er yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 skv. 31. gr. skipulagslaga ásamt umhverfisskýrslu.

4. Kynning á rekstri Landsvirkjunar á komandi ári

Georg Þór Pálsson stöðvarstjóri Landsvirkjunar á Þjórsársvæði mætti til fundarins og kynnti starfsemi fyrirtækisins á Suðurlandi.

5. Frá Nefndarsviði Alþingis

a) Tillaga til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smiðjum, 236. mál

Lagt fram til kynningar.

b) Tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál

Lagt fram til kynningar.

c) Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), 178. mál

Lagt fram til kynningar.

d) Frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál

Lagt fram til kynningar.

e) Tillaga til þingsályktunar um umhverfismat fyrir gerð láglandisvegjar um Mýrdal, 239 mál.

Lagt fram til kynningar.

f) Frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál

Lagt fram til kynningar.

g) Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, 389. mál

Lagt fram til kynningar.

h) Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál

Lagt fram til kynningar.

6. Umsögn um rekstrarleyfi –Dekó ehf

Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum vegna rekstrarleyfis fyrir Dekó ehf. Egilsstöðum 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins að því tilskyldu að ekki komi athugasemdir frá byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Brunavörnum Árnassýslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá verkefnisstjórn „Umhverfis Suðurland“ – erindi og drög að dagskrá 2018

Erindi frá SASS vegna bóknar á Ársþingi samtakanna 2017 þar sem lagt var til „að farið verði í sameiginlegt sunnlenskt átak í almennri tiltekt og umhverfisþrifum í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands – áhersla verði lögð á skynsamlega flokkun og endurvinnslu og SASS hafi forgöngu um þetta mál fyrir hönd Sunnlendinga“

Verkefnið ber heitið „Umhverfis Suðurland“ og er markmiðið að fara í sameiginlegt átak á Suðurlandi í umhverfismálum, jafnt í tiltekt og fræðslu til íbúa. Það er vilji Samtakanna að Suðurland verði leiðandi í umhverfismálum á landsvísu. Verkefnið snýst að hluta um að virkja íbúa á Suðurlandi til þátttöku í ýmsum viðburðum tengdum umhverfismálum og að Suðurland verði áberandi þátttakandi. *Meðfylgjandi er dagskrá átaksins.*

Óskað er eftir því að Flóahreppur tilnefni tengilið sveitarfélagsins vegna verkefnisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur atvinnu- og umhverfisnefnd að fjalla um erindið en felur sveitarstjóra að vera tengiliður f.h. sveitarfélagsins.

Samþykkt 5 með atkvæðum.

8. Erindi frá Foreldrasveitinni – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá „Foreldrasveitinni“ samstarfsverkefni foreldrafélaga nokkurra leik og grunnskóla í Flóahreppi og Uppsveitum Árnassýslu þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins kr. 50.000 vegna sameiginlegs fræðslufundar sem verður haldinn í Aratungu 12. apríl n.k.

Samþykkt með 5 atkvæðum og verður bókað á lykil nr.0484-4120

9. Erindi frá Sögnum – samtökum um barnameningu, styrkbeiðni

Óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna Verðlaunahátíðar í Eldborgarsal Hörpu.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti – þrífösun rafmagns

Lagt fram erindi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum frá Flóahreppi varðandi forgangsröðun á þrífösun rafmagns innan sveitarfélagsins.

Allir þeir notkunarstaðir í Flóahreppi sem ekki hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni í dag geta fallið undir skilgreiningu ráðuneytisins um þörf á þriggja fasa rafmagni.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur sig ekki geta sent yfirlit yfir einstaka notkunarstaði umfram aðra þar sem það getur brotið í bága við jafnræðisreglu í 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 73/1993.

Sveitarstjórn bendir á að eðlilegra væri fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að auglýsa á áberandi hátt eftir þeim aðilum sem telja sig vera í brýnni þörf fyrir þriggja fasa rafmagn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Fyrirspurn frá ferðapjónustufyrirtækinu „Góðri framkvæmd“

Lögð fram fyrirspurn frá ferðapjónustufyrirtækinu „Góðri framkvæmd“ þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið um leigu á tjaldsvæði með gistipjónustu í huga.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Samstarfsverkefni Árborgar og Flóahrepps

Oddviti gerði grein fyrir fundi með framkvæmdastjóra Árborgar þar sem farið var yfir þau samstarfsverkefni sem sveitarfélagin standa að. Fulltrúar Árborgar lýstu áhuga á að vinna að

þeim með svipuðum hætti og verið hefur. Fram kom á fundinum áhugi sveitarstjórnar Flóahrepps á því að gera samkomulag sem tryggði börnum og ungmennum að 18 ára aldri og íbúum 67 ára og eldri endurgjaldslausan aðgang að sundstöðum í Árborg. Heildarfjöldi notenda verði endurskoðaður árlega og viðmiðunargjald í samræmi við fjöldann ár hvert.

Lagður fram tölvupóstur frá Ástu Stefánsdóttur þar sem fram kemur að Sveitarfélagið Árborg lýsir vilja til samstarfs í heilsuefningu gegn fjárframlagi kr. 1 milljón á ári. Sveitarstjórn lýsir ánægju með framkomu tilboð. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir að gerður verði samningur sem taki gildi frá undirritun samnings sem tryggir þessum aldurshópum frían aðgang að sundstöðum Árborgar. Oddvita og sveitarstjóra falið ganga frá málinu og að vinna áfram að samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á forsendum fyrirbyggjandi gagna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Heimasíða Flóahrepps – innsend tilboð

Lögð fram tilboð í endurnýjun á heimasíðu Flóahrepps frá TRS og Stefnu ehf.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að óska eftir því að fulltrúar frá TRS mæti á næsta sveitarstjórnarfund og kynni þá möguleika sem eru í boði.

14. Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur – fyrirspurn vegna samnings um vatnsöflun

Lagt fram erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur þar sem óskað er eftir upplýsingum um framgang samnings við Landsvirkjun frá apríl 2010 varðandi afhendingu vatns.

Sveitarstjóra falið að kalla eftir gögnum varðandi málið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur – fyrirspurn samningur vegna sérstakra verkefna

Lögð fram fyrirspurn frá Svanhvíti Hermannsdóttur þar sem óskað er eftir upplýsingum um efndir á samningi Flóahrepps við LV frá 19. júlí 2007 þar sem stendur í 5. grein „Til að styðja við það að landbúnaður og föst búseta verði styrkt og eftirsótt á svæðinu mun Landsvirkjun leggja fram eingreiðslu, kr. 40 milljónir til sérverkefna tengdum vatnsöflunarmálum í sveitarfélaginu.“ Gert var ráð fyrir framlagi til uppbyggingar innviða 40 milljónum króna.

Af þeirri upphæð voru 5 milljónir nýttar árið 2010. Eftirstöðvar upphæðarinnar ásamt verðbótum samtals kr. 61 milljón króna hafa verið bókfærðar á Flóahrepp og koma fram í ársreikningi sveitarfélagsins 2017 sem lagður verður fram til fyrri umræðu 2. maí 2018.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Flóaljós – hönnun og útboð

Guðmundur Daníelsson mætti til fundarins og fór yfir stöðuna á verkefninu.

- Undirtektir og afstaða íbúa til verkefnisins í heimsóknnum - kynning.
- Staða heimsóknanna og annarra verkþátta - kynning.
- Næstu skref
 - a. 4. Leyfismál
 - b. 5. Undirbúningur framkvæmda (þar með talin útboðsmálin og efniskaup).
- Upplýsingarfundur í apríl.
- Samþykkt að boða til upplýsingafundar í Flóahreppi vegna Flóaljóss miðvikudaginn 25. apríl klukkan 20.00. Fundurinn verður auglýstur í Dagskránni.

17. Ungmennaráð Flóahrepps

Fulltrúar Ungmennaráðs Flóahrepps mættu til fundarins. Þau kynntu starfið sem hefur verið í gangi en fram til þessa hafa þau unnið með Æskulýðs- og tómsbundanefnd Flóahrepps. Ánægja hefur verið með það samstarf og gott að hafa stuðning að nefndinni í byrjun. Þau hafa áhuga á að stíga skrefi lengra og fá að stofna sérstakt ungmennaráð. Lögð voru fram drög að samþykktum fyrir „Ungmennaráð Flóahrepps“ sem sveitarstjórn tók á móti til skoðunar. Í þeim gera ungmennin ráð fyrir að hægt sé að vinna með ungmennaráði allt til 26 ára aldurs. Í samþykktunum var einnig lögð fram hugmynd að reglum um val í Ungmennaráðið. Ungmennahúsið hefur gengið mjög vel. Mjög góð mæting og góð stemmning hefur skapast. Rætt um áhuga ungmennanna á að fræða yngri hópa um starfsemi ungmennaráða til þess að vekja áhuga þeirra á því að taka þátt. Vakin var athygli á því að Ungmennaráð Suðurlands hefur gefið út „Handbók“ sem er á vefsíðu SASS þar sem hægt er að kynna sér starfsemi ungmennaráða. Bent var á að mikilvægt sé að koma kynningum á framfæri innan grunnskólanna Umræða var á fundinum um þátttöku ungmenna í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 10 atkvæðum.

18. Fundargerðir:

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 199 dags. 07.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Menningarnefndar Flóahrepps nr. 4, dags. 12.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Menningarnefndar Flóahrepps nr. 5 dags. 20.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Stjórnar Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita nr 51, dags. 15.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls nr. 26, dags. 06.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Afréttarmálafélaga Flóa og Uppsveita vegna fjallskilasamþykktar Árneshvíls austan vatna, dags. 23.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Héraðsskjalasafns Árneshvíls dags. 14.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Byggingasafns Árneshvíls nr. 15, dags. 19.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Stjórnar Brunavarna Árneshvíls nr. 20, dags. 02.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar Brunavarna Árneshvíls nr. 21, dags. 23.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 185, dags. 22.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Sorpstöðvar Suðurlands nr. 264, 06.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Lögfræðingahóps um persónuvernd dags. 27.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) **Stjórnar SASS nr. 530, dags. 02.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) **Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 857, dags. 23.02.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) **Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 858, dags. 23.03.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Efni til kynningar

- a) **Læsi, lestrarátak svar Hrafnhildar Karlsdóttur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls við fyrirspurn frá SF_199 ásamt niðurstöðum könnunar á framgöngu sameiginlegra markmiða skóla og skólaþjónustu 2014 -2017**
- b) **Tillögur Velferðarvaktarinnar um bættar aðstæður utangarðsfólks**
- c) **Svar Umf. Þjótanda vegna bókunar sveitarstjórnar á SF_199**
- d) **Frá Héraðssambandinu Skarphéðni – bókun og Ársskýrsla 2017**
- e) **Ársreikningur Skóla- og Velferðarþjónustu**
- f) **Erindi til sveitarstjórnar frá Inkasso – kynning á starfsemi**
- g) **Skýrsla sveitarstjóra – mars 2018**

20. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn miðvikudaginn 2. maí 2018 klukkan 13:30 í Þingborg. Sveitarstjórn mun halda aukafund 16. maí klukkan 13:30 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)
Margrét Jónsdóttir (sign)
Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Eydis Þ. Indriðadóttir (sign)